



Ljósmyndir lækna

Páll Ásmundsson

pallas@simnet.is

Kaldbakshorn (508 m) er ábúðarmikið fjall sem snýr snarbröttum hamravegg að sjó sunnan Kaldbaksvíkur, allgóðan spöl norðan Bjarnarfjarðar á Ströndum. Fjallið norðan víkurinnar heitir raunar Kaldbakur. Tvö býli, Kleifar og Kaldbakur, voru í víkinni en eru nú í eyði. Framantil í Kaldbakshorni er lóðrétt gjá, Svansgjá, sem heitin mun eftir Svani á Svanshóli í Bjarnarfirði, fjölkunnugum manni sem uppi var á þjóðveldisöld. Hann kemur við sögu í Njálu en hann var móðurbróðir Hallgerðar langbrókar og faldi Þjóstólf fóstura hennar er hann hafði drepið Þorvald, fyrsta mann hennar. Launsonur Svans, Brynjólfur rósti, drap Atla, húskarl Bergþóru á Bergþórshvoli. Sagt er að Svanur gengi dauður í Svansgjá og væri þar vel fagnað.

Myndin er tekin í júlí 2003 á mína fyrstu stafrænu vél: JVC GCS5 sem var 1.2 megapíxlar.